

Fundur í skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi

Þriðjudaginn 5. mars 2013 kl. 17 í fundarherbergi skólans

Mætt voru: Atli Harðarson skólameistari, Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari, Anna Berglind Einarasdóttir fulltrúi foreldrafélags, Borghildur Jósúadóttir varmaður Ólafs Helga Haraldssonar, tilnefnd af sveitarfélögum, Dagbjört Guðmundsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar, Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri, Helena Guttormsdóttir tilnefnd af sveitarfélögum, Sólveig Rún Samúelsdóttir fulltrúi nemendafélagsins, Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir skipuð af ráðherra án tilnefningar.

Helgi Guðmundsson boðaði forföll og bað fyrir kveðjur til nefndarmanna með þakklæti fyrir samstarfið. Hann hefur beðist undan að vera áfram í skólanefndinni og er því hættur í henni.

Fylgiskjöl:

- a) Ársskýrsla fyrir 2012.
- c) Rekstraráætlun fyrir árið 2013.
- d) Tillaga um gjaldskrá fyrir næstu skólaár.
- e) Skólasamningur við menntamálaráðherra.

Dagskrá

- 1) Ársskýrsla fyrir 2012.
- 2) Yfirlit um rekstur skólans á árinu 2012.
- 3) Rekstraráætlun fyrir árið 2013.
- 4) Gjaldskrá fyrir næsta skólaár.
- 5) Skólasamningur við menntamálaráðherra.
- 6) Námsframboð á næsta skólaári.
- 7) Mögulegt samstarf við Dalabyggð.
- 8) Önnur mál.

- 1) Atli setti fund kl. 17.08. Ársskýrsla skólans fyrir árið 2012 var lögð fram. Ekki var rætt sérstaklega um hana nema í tengslum við rekstur skólans, sjá liði 2 - 3.
- 2 - 3) Rekstur skólans 2012 og rekstraráætlun 2013. Rekstraráætlun fyrir 2013 hefur nú verið samþykkt af ráðuneytinu en athugasemdir hafa komið við rekstraryfirlitið 2012. Verið er að skoða þær athugasemdir. Fjölbrautaskóli Vesturlands var rekinn með halla á síðasta ári eins og flestir framhaldsskólar. Við fáum 12-13% minna fyrir nemandann en áður var. Veikindi starfsmanna hafa gert reksturinn erfiðari. Ekkert má út af bregða, hvorki veikindi né annað, þá er reksturinn í uppnámi. Spurt var um skuldahalann. Hann var klipptur af í lok árs 2011. Halli hefur hins vegar aukist vegna verðbólgu, hækkunar húsaleigu umfram fjárframlög, veikinda o.fl. Ef verðbólga verður mikil mun hagur skólans versna enn meir. Helena sagði að e.t.v. mætti gera ýmislegt sem leiddi til sparnaðar og yrði til góðs. Atli sagði að það hefði verið reynt í gegnum árin en regluverkið takmarkaði allar frekari aðgerðir.
- 4) Gjaldskrá. Lagt er til að gjald fyrir flesta liði hækki. Aðgangur að tölvuneti hækki úr 3000 í 4.000 krónur, endurnýjun á lykilorði hækki úr 300 í 500 krónur, efnisgjöld fyrir nemendur á málm-, raf- og tréiðnabrautum hækki úr 20.000 í 24.000, 50 blaða kort í ljósritunarvél hækki úr 550 í 750 krónur, 100 blaða kort hækki úr 800 í 1.200 krónur, prentun á stundatöflu úr 300 í 500 krónur, tenging fartölvu við net skólans hækki úr 1.000 í 1.200 krónur. Þá er lagt til að heimavistargjald hækki úr 86.000 krónum í 112.500 krónur. Hádegisverður 5 daga vikunnar kostar nú 62.000 á önn en lagt er til að verðið hækki í 68.000. Þetta þýðir hækkun meðalverðs fyrir máltíð úr 775 krónum í

850 krónur. Hliðstæðar hækkanir verði á hádegisverði fyrir 4 og 3 daga vikunnar. Loks er lagt til að leiga á skáp hækki úr 500 í 1.000 krónur á önn.

Töluvert var rætt um efnisgjöldin. Þau eru jafnaðargjöld þannig að nemendur greiða sama efnisgjaldið allar annir sem þeir eru í verknámsáföngum, óháð því hversu mikið þeir nota af efni. Sumar annirnar greiða nemendur meira en sem nemur efniskostnaði þá önnina en í heild greiða þeir minna og skólinn niðurgreiðir því efnisgjöldin.

Nokkuð var rætt um húsaleigubætur og dreifbýlisstyrk en nemendur fá húsaleigubætur og þeir sem búa fjarri skólanum frá dreifbýlisstyrk. Þessir styrkir nægðu til skamms tíma fyrir heimavistargjaldinu og mötuneytinu. Þá kom fram að iðnnemar eiga kost á námsláni en líklega nýta fæstir þeirra sér þann kost.

Nokkrir fundarmenn sem áður voru í skólanum nefndu að verðið á mat hefði ekki hækkað mikið á undanförunum 10-15 árum miðað við verðbólguna og verðhækkanir annars staðar. Töluvert var rætt um mötuneytið og matinn og þeir sem töldu sig þekkja til sögðu hann ágætan og að hann hefði batnað. Samkeppnin við skyndibitastaði í nágrenninu er enda hörð.

- 5) Skólasamningur var undirritaður fyrir stuttu síðan. Hann gildir til 2 ára en ekki 3-5 ára eins og ætti að vera skv. lögum. Það er til þess að skólasamningar allra framhaldsskóla renni ekki út á sama tíma. Helena spurði um Fab-lab og tengingu þess við áfanga. Atli sagði að þessi aðstaða hefði verið nýtt í einum áfanga í haust og einnig væri þetta notað í einum stærðfræðiáfanga. Nokkur umræða var um Fab-labið og framtíð þess síðast liðið haust en eftir bæjarstjóraskiptin hefur málið frestast. Thelma spurði hvort FVA myndi taka Fab-labið yfir og að það færi í annað húsnæði. Atli sagði að ekkert slíkt væri ákveðið þó þetta hefði komið til tals. Fram kom að skólanefndarmenn vildu gjarnan nýta Fab-labið betur, m.a. í kennslu grunnskólanemenda.
- 6) Námsframboð næsta vetur verður svipað og á þessu skólaári. Stefnt er að því að byrja með nýjan hóp í sjúkraliðanámi. Fleiri brautir vantar sem stúlkur sækja í því karlar eru töluvert fleiri í skólanum. Rætt var um möguleikan á nuddnámi, snyrtifræði og hárgreiðslu. Líklega er of mikill kostnaður við að koma á fót kennslu í hárgreiðslu.
- 7) Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar hafði samband við Atla og ræddi um möguleikann á samningi við skólann um deild á staðnum, svipað og er á Hvammstanga. Hóparnir þar yrðu fámennir. Atli ræddi við skólameistara framhaldsskólanna í Norðvesturkjördæmi um að þeir gerðu þetta í sameiningu. Það mál er ekki komið lengra. Skólanefndarfólki leist vel á að þetta yrði skoðað frekar. Spurning er með kostnað við þetta, fá þarf stuðning til að koma þessu á fót. Töluvert var rætt um kostnaðinn og hvernig hann yrði klofinn. Það verður að vera klárt hver borgar húsaleigu á staðnum, gæslu, rafmagn o.fl. Símafundur stjórnenda verður haldinn fljótlega. Líklegt er að þetta fari af stað haustið 2014.

Fundi var slitið kl. 19.10

Jens B. Baldursson aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.